

Nd.

660. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

1. gr. l. 44/1932 breytist sem hér segir:
1. Úr 5. tölulið (Borgarneshérað) falli burt orðin: „Kolbeinsstaðahreppur“ og „Eyjahreppur“.
 2. Á eftir 5. tölul. komi nýr liður:
Snæfellsneshérað: Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur.
 3. Úr 6. tölulið (Ólafsvíkurhérað) falli burt orðin: „Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur“.
 4. Úr 7. tölulið (Stykkishólmsheiráð) falla burt orðin: „og Miklaholtshreppur“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Snæfellsnessýslu eru nú tvö læknishéruð, og situr annar læknirinn í Stykkishólmi, en hinn í Ólafsvík. Tveir hreppar í Hnappadalssýslu tilheyra hins vegar Borgarneshéraði. Báðir þessir læknar hafa þannig aðsetur norðan Snæfellsnesfjallgarðs. Íbúarnir sunnanfjalls eiga því mjög erfiða læknissókn, til Ólafsvíkur og Stykkishólms; er það viðast hvar löng leið og torsótt, einkum að vetrarlagi, þar sem yfir erfiða og snjóþunga fjallgarða er að fara og jafnvel í mörgum tilfellum ógerningur að ná til læknis, hversu mikið sem liggur við.

Um mörg ár hefur það verið mikið áhugamál og einróma ósk manna á sunnanverðu Snæfellsnesi að fá stofnað þar sérstakt læknishérað. Hafa ýmsar ályktanir verið samþykktar þar í þessa átt á undanförunum árum. M. a. var á almennum hreppsfundi á Arnarstapa 16. jan. síðastl. samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Á almennum hreppsfundi, sem haldinn var á Arnarstapa 16. jan. 1943, var samþykkt að fara þess á leit við þingmann kjördæmisins, að hann beiti sér fyrir því á því þingi, sem nú situr, að stofnað verði nýtt læknishérað sunnan Snæfellsnesfjallgarðs og nái yfir Hnappadalssýslu og einnig Staðarsveit og Breiðvíkurhrepp í Snæfellsnessýslu.

Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að mestan hluta vetrar er miklum erfiðleikum bundið að ná í lækni í Ólafsvík, og í mörgum tilfellum alveg útilokað. Nútíma-kröfur hljóta að vera þær, að enginn þjóðfélagsþegn sé svo í sveit settur, að staðhættir varni honum þess að ná til læknis í lifsnauðsyn. Þessu ástandi höfum við orðið að lúta frá ómunatíð, og mælir engin sanngirni með því, að við slikt verði húið áfram.

Ólafur Benediktsson,
fundarstjóri.

Haraldur Jónsson,
fundarskrifari.“

Frv. þetta fer fram á að verða við þessum sanngjörnu og réttmætu óskum Snæfellinga. Er þá eðlilegast, að hið nýja læknishérað nái yfir Breiðavíkurhrepp og Staðarsveit, sem nú eru í Ólafsvíkurhéraði, Miklaholtshrepp, sem nú er í Stykkishólmsheiráði, og Eyja- og Kolbeinsstaðahrepp, sem nú eru í Borgarneshéraði.

Samkvæmt riti landlæknis, Skipun heilbrigðismála á Íslandi, var mannfjöldi árið 1940 sem hér segir: Í Borgarneshéraði 1596 íbúar, í Ólafsvíkurhéraði 1550 og í

Stykkishólmsþéradí 1616. Ef þetta frv. yrði samþykkt, mundu í hinu nýja læknishéraði verða 936 íbúar, samkvæmt manntali 1942, og mundi þá fækka sem því svarar í 3 framangreindum læknishéruðum. Það skal tekið fram, að nú eru 13 læknishéruð í landinu fámennari en þetta nýja þérað mundi verða, sum þeirra jafnvel meira en tvöfalt fámennari.

Um heiti þessa nýja læknishérað skal það tekið fram, að þegar staður hefur verið ákveðinn fyrir læknissetur, er eðlilegast að kenna þéraðið við þann stað, eins og yfirleitt er gert nú, og er því heitið í frv. aðeins til bráðabirgða.